

Líf & fjör

Frumsaminn Árni Heiðar

Árni Heiðar Karlsson píanóleikari hefur boðað þrjá kunna djass-leikara með sér í Múlanum, á 2. hæð Sólons Íslanduss, sunnudagskvöldið 28. maí klukkan 21.30. Jóel Pálsson saxófónleikari, sem ekki þarf að kynna, Valdimar Kolbeinsson kontrabassaleikari úr Funkmatser 2000 og hinn víðförla trommuleikari Matthías Hemstock ætla að leika með Árna tónlist sem hann hefur sjálfur samið. Á dagskránni verða lög eftir hann samín á síðastliðnum fjórum árum og hafa fæst þeirra verið leikin opinberlega áður. Lítil fugl hvíslaði því þó að okkur að tónlistin væri undir ýmsum áhrifum, allt frá gospel til skandinavískrar ECM djass-tónlistar.




Gehry, Botta, Graves....

Arkitektúrinn á sér sínar stjörnur eins og aðrar listgreinar og nú eru hús eftir þær flestar saman komín á Kjarvalsstöðum. Laugardaginn 27. maí klukkan 15 verður Garðhúsbærinn opnaður við hátíðlega afhöfn, en þar gefur að líta líkön og teikningar af garðhúsum eftir ekki ómerkari menn en Mario Botta, Ralph Erskine, Michael Graves, Heikkínen & Komonen, Arata Isozaki, Josef Paul Kleihues, Léon Krier, Henning Larsen, Richard Meier, Enric Miralles, Dominique Perrault, Richard Rogers, Aldo Rossi, Alvaro Siza og Sören Lund. Þá verður á sýningunni garðhús í fullri stærð eftir íslensku arkitektana Hjördís og Dennis. Börn úr Korpuskóla sýna eigin hugmyndir að garðhúsum. Sýningarstjóri er Kirsten Kiser.



Tunglskot til the 80's

Klúbbur Listahátíðar verður í fullu fjöri um helgina. Í kvöld verður óvænt uppákoma, örugglega tengd ballett því Klúbburinn þarf að hugga þá sem ekki fengu miða á Svanavatríð. Annað kvöld, laugardagskvöldið 27. maí ætla Úlfildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og Gerður Kristný ritstjóri og skáld að leidda gesti í allan sannleikann um tónslátt níunda áratugarins með aðstoð Herberts Guðmundssonar, sem flytja mun eitt lag. Doddi diskóteki af Radíó beytir diskó-pönk skífur og Helena Jónsdóttir sýnir kannski break dans. Réttur dagsins eru diskókúlur. Á sunnudagskvöldi verður Klúbbfélagum boðið í tunglferð með Alexöndru Mir. Sérstakir gestir eru Dr. Guðmundur Sigvaldsson jarðfræðingur, Gjörningaklúbburinn og Jón Hallur Stefánsson útvarpsmaður. Réttur dagsins er speisruddi....



Það er komin helgi

Hvað ætlar þú að gera?



Sigurjón Benediktsson.

Neðsta sætið frátekkið

„Skákþing Norðurlands verður haldið hér á Húsavík um helgina og þar ætla ég heldur betur að láta taka mig í karphúsið. Er meira að segja búinn að láta taka neðsta sætið frá fyrir mig, þannig að engum tekst þar að ógna mér.“ segir Sigurjón Benediktsson, tannlæknir og bæjarfulltrúi á Húsavík. „Skákþingið verður skipað fjölda góðra skákmeistarar sem margir hverjir eru komnir með yfir 2.000 ELO stig, þannig að þú heyrir að hér verða miklir menn á ferð. - Nú svo ætla ég einnig að hugsa vel um Olúfúlagið um helgina, enda er það nýbúið að kaupa stóran hlut hér í Fiskidjúsamlaginu. Og ætli ég verði ekki í leiðinni að huga einnig vel að öllum öðrum vinum okkar hér.“




Össur Skarphéðinsson.

Vitjað um væna urriða

„Á laugardag ætla ég í Laugardalinn í Reykjavík og þar ætla ég og dætur mínar að stíga með Gauja litla fyrstu skrefin í átaki því sem nefnt hefur verið Skref 2000. Þetta átak er fyrir þá sem eru svolítið of þungir og þurfa að ganga kílóin af sér, en sjálfur hef ég þó alltaf gert nokkuð af því að fara út að ganga. Ekki síst hefur það verið á sumrin og svo mun verða í ár.“ segir Össur Skarphéðinsson alþingismaður og formaður Samfylkingarinnar. „Á sunnudag stendur síðan til að fjölskyldan fari og fái sér bíltúr eitthvað út í buskann og verða kannski tvo daga, en hvert farið verður mun ráðast af veðri. En mér finnst líklegt að farið verði annað hvort upp í Borgarfjörð eða austur á Þingvöll, en þá yrði veiðistöngin með til þess að renna fyrir urriða en þeir hafa veiðst vænir í Þingvallavatni í vor.“

Vesturfarasýning

„Ég verð nú bara að vinna um helgina, enda þarf mörgu að sinna hér á bæ.“ segir Valgeir Þorvaldsson í Vesturfarasetrinu á Hofsósi. „Hér er verið að ljúka byggingu húsa sem munu hýsa fleiri sýningar sem hér verða settar upp og nú erum við að byrja hér uppsetningu á farandsýningu sem kemur frá Íslandssafninu í Gilmi í Kanada, þar sem brugðið verður ljósi á sögu þeirra Íslendinga sem fóru vestur um haf og urðu þar landnemar á sléttunum miklu. Það er mikið verk að setja þessa sýningu upp - en ekki neitt stórmál þó, enda vinnast öll verk vel sé góð stemning í kringum þau.“



Valgeir Þorvaldsson.

HVAÐ ER Á SEYÐI?

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

TÓNLIST

Dúett+ í Leikhúskjallaranum

Djassveitin Dúett heldur tónleika tileinkaða Miles Davis og Chet Baker í Listaklúbbi Leikhúskjallarans mánudagskvöldið 29. maí klukkan 20.30. Hljómsveitina skipa Þóra Gréta Þórisdóttir, Andrés Þór Gunnlaugsson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Birgir Baldursson.

Fjórir ungir

Fjórir ungir tónlistarmenn, þau Ari Þór Vilhjálmsson fiðuleikari, Árni Björn Árnason píanóleikari, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópran og Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari halda tónleika í Salnum, Kópavogi, sunnudaginn 28. maí klukkan 20.30.

Djass í Múlanum

Nú eru bara tveir múlar eftir af vorönninni. Næstíðasti múllinn verður sunnudagskvöldið 28. maí, en þá mun Árni Heiðar Karlsson leika ásamt hljómsveit. Allir tónleikar Múlan eru á efri hæð Sólons Íslandus. Árni Heiðar Karlsson píanóleikari er nýtskrifaður úr klassískum píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík. Í vetur hefur hann starfrækt eigið trío ásamt Matthías Hemstock trommuleikara og Tómasi R. Einarssyni kontrabassaleikara. Að þessu sinni er bandið í s breyttri mynd, á trommur er Matthías Hemstock, kontrabassa Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, píanó Árni Heiðar og á tenórsaxófón leikur Jóel Pálsson. Á þessum tónleikum mun hljómsveitin flytja lög eftir Árna Heiðar en þau eru samín á síðustu árum og sækir hann áhrif úr ýmsum áttum, allt frá negrasálmum í evrópskan „ECM“-djass. Tónleikarnir hefjast kl. 21:30 og er miðaverð 1000 kr., 500 kr. fyrir nema og eldri borgara.

Flugskýli 4

Hljómsveitin Land & Synir verður á árlegu flugskýlisballi í flugskýli 4 á Reykjavíkflugvelli laugardagskvöldið 27. maí sem er á vegum FÍ og Flugleiða.

Kristinn Sigmundsson og Karla-kórinn Stefnir

Kristinn Sigmundsson syngur með Karla-kórnum Stefni á tónleikum í Borgarleikhúsinu 3. júní. Efnisskráin er fjölbreytt að vanda en tekur mið af sjómannaðeginum sem er sunnudaginn 4. júní. Einnig verður frumflutt lag fyrir einsöngvara og karlakór, Þar sem hálfjöllin heilög rísa, eftir stjórnanda kórins Atla Guðlaugsson, við ljóð Halldórs Laxness. Forsala aðgöngu-miða er hafin í Borgarleikhúsinu og er

tónlistaráhugafólki bent á að vissara er að tryggja sér miða í tíma. Einnig er bent á tónleika Stefnis sem haldnir verða í Reykholtskirkju laugardaginn 27. maí kl. 14.00.

Hátíð harmonikunnar

Hátíð harmonikunnar verður haldin í laugardagskvöldið 27. maí í Ásgarði, Glæsibæ í Reykjavík með harmonikutónleikum og -dansleik. Fjörrið byrjar kl. 20.30. Meðal flytjenda eru: Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur (12 ára), Leif Þorbergsson (15 ára) og snillinginn Vadim Fjodorov, sem öll koma frá Ísafirði, Heimir Sverrisson, Garði, úr Harmonikufélagi Reykjavíkur koma þau Ása Eiríksdóttir, Margrét Arnardóttir (13 ára), Einar Friðgeir Björnsson og Matthías Kormásson, sem þjóðkunnur hefur orðið fyrir snilli sína í harmonikuleik. Tvær stórar hljómsveitir með alls um þremur tugum flytjenda, STORMURINN undir stjórn Arnar Falkner og LÉTTSVEIT Harmonikufélags Reykjavíkur undir stjórn Jóhanns Gunnarssonar. Allir eru velkomnir hvort sem er á tónleikana, dansleikinn eða hvoru tveggja.

Naustið

Söngkonan og píanóleikarinn Lis Gammon frá Englandi syngur og spilar fyrir gesti í Reykjavíkurstofu um helgina. Hin vinsæla hljómsveit Upplyfting leikur fyrir dansi á föstudags- og laugardagskvöld.

SÝNINGAR

Myndabandaveisla

Þessa dagana standa yfir sýningar á myndböndum eftir þekktu listamenn í Listasafni Íslands. Föstudaginn 26. maí klukkan 12 og 15 verða sýnd verkin *Frage* (4 mín., 1979) og *Hautmusik* (3 mín., 1981) eftir Barböru Hamman. Laugardaginn 27. maí verður sýning á *Song Delay* (19 mín., 1973) eftir Joan Jonas. Myndbandsverkin *Talk predding Eye Talk* (41 mín.), *Eye Talk* (30 mín.), *Eye Talk II*, (55 mín) og *Kúplingsdiskur* (30 mín.) sem Magnús Pálsson gerði á árunum 1986 til 1999 verða sýnd með hléum frá klukkan 11 - 17. Sunnudaginn 28. maí verða tvær sýningar á *Working the double shift or changing politics on the domestic front*, (20 mín., 1984) eftir Liza Steele og Kim Tomczak.

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR Málþing um lesskimun og lestrarörðugleika

Á undanförunum árum hefur verið unnið að stefnumótun í málefnum nemandanna með sértæka lestrarörðugleika á öllum skólastigum. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að standa að málþingi um lesskimun og lestrarörðug-

leika. Á málþinginu verða flutt erindi um ýmsa þætti lesskimunar og lestrarörðugleika, t.d. skilgreiningar á lestrarörðugleikum, aðferðir við að meta sértæka lestrarörðugleika, úrræði fyrir nemendur og greint verður frá ýmsum mats- og mælitækjum þar að lútandi. Einnig verður svigrúm til umræðna og fyrirspurna. Málþingið verður haldið þriðjudaginn 6. júní nk. í Borgartúni 6 og stendur frá kl. 9.00-16.00. Málþingið er öllum opið og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til menntamálaráðuneytisins, grunnskóladeildar fyrir 4. júní nk. í síma 560 9567 fyrir hádegi, eða í tölvupósti erla.osk.gudjonsdottir@mnrn.stjr.is.

Esperantistar funda

Esperantistafélagið Auroro heldur fund í kvöld kl. 20:30 að Skólavörðustíg 6b. Gerð verður merkingafræðileg úttekt á andstæðuforskeytinu í esperanto, rétt um esperantohreyfinguna í Afríku og dreift minnismiða um það helsta sem gera þarf húsnæði samtakanna til góða og um skráningu bókasafns.

Málþing um matarfíkn

Málþing um matarfíkn, offitu og holla hreyfingu verður haldið sunnudaginn 28. maí á Hótel Loftleiðum í Þingsal 5, kl. 13 til 15. Að málþinginu standa Landlækniseimbættið og Félagasamtök Feitra. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

OG SVO HITT...

Námskeið fyrir börn um sveitarstörf

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umferðarráð og Vinnueftirlit ríkisins efna til námskeiðs um hættur sem geta fylgt sveitastörfum. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Stangarhyl 1, mánudaginn 29. maí nk. Það stendur frá klukkan 13 - 15:30 og verður farið yfir helstu hættur sem fylgja sveitarstörfum, umgengni við dráttarvélar og önnur tæki og þátttakendur fá að skoða dráttarvél með þeim búnaði sem algengastur er. Námskeiðin eru ætluð börnum sem fædd eru árin 1985 til 1987. Innritun fer fram á skrifstofu Slysavarnafélagsins Landsbjargar í síma 570-5900 og er þátttökugjald krónur 1000.-

Félag eldri borgara Ásgarði, Glæsibæ

Kaffistofa opin alla virka daga frá kl. 10:00-13:00. Matur í hádeginu. Göngu-Hrólfar fara í léttu göngu frá Ásgarði Glæsibæ kl. 10.00 á laugardagsmorgun. Eldri borgurinum er boðin afnot í Skólagerðum Reykjavíkur í sumar ef rými leyfir, nánari upplýsing-